

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 31. maí 2019  
UST201905-186/A.B.  
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 – 2032 – Efra – Langholt - Frístundabyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu vegna breytingar aðalskipulags á Efra - Langholt í Hrunamannahreppi.

Breytingartillagan gengur út á að landnotkun á 10 ha spildu jarðarinnar Efra-Langholts verður breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð og verður það land hluti af frístundasvæðinu F16. Einnig verður um 5 ha frístundasvæðisins F16, sem er í landi Lindarsel, breytt í landbúnaðarland. Frístundasvæðið stækkar því um 5 ha.

**Votlendi**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt korti Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) er svæðið sem breytingartillagan nær til votlendissvæði.

Umhverfisstofnun telur að svæðið sem breytingartillagan nær til falli því undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar að yfirfara þurfi valkosti landnýtingar með hliðsjón af verndarstöðu votlendis.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint þarf leyfisveitandi, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur